

Fundargerð

fundar viðræðuhóps skv. B-hluta samkomulags frá 28. apríl 2012

Fundurinn var haldinn 16. júlí 2020, kl. 11:00, í fundarherbergi á 4. hæð Lögbergs, Háskóla Íslands, Sæmundargötu 2, 102 Reykjavík.

Mættir: Birgir Tjörvi Pétursson og Guðmundur Kristján Jónsson f.h. Selvíkur ehf. og Elías Pétursson og Ásgeir Örn Blöndal Jóhannsson f.h. Fjallabyggðar. Fundi stýrir Friðrik Árni Friðriksson Hirst sem tilnefndur var af Lagastofnun Háskóla Íslands sem oddamaður í viðræðuhópnum í júní sl.

Um er að ræða fyrsta formlega fund viðræðuhópsins með oddamanni, en fyrir það hafði hópurinn fundað fjórum sinnum í mars-maí 2020. Í aðdraganda fundarins hefur oddamaður kynnt sér gögn málsins, rætt við fulltrúa aðila og samið drög að minnisblaði og tillögu að niðurstöðu viðræðuhópsins, sem send hafa verið aðilum með tölvupósti til kynningar og athugasemda á fyrri stigum.

Á fundinum liggur frammi endanlegt minnisblað oddamanns, dags. 16. júlí 2020 (**fskj. 1**), og tillaga oddamanns að niðurstöðu viðræðuhópsins, dags. 16. júlí 2020 (**fskj. 2**). Fyrir fundinum liggur að taka ákvörðun um niðurstöðu og lok starfa viðræðuhópsins.

Oddamaður setur fundinn. Fulltrúar aðila og oddamaður reifa sjónarmið sín.

BTP: Afstaða Selvíkur ehf. sé sú að minnisblað Fjallabyggðar frá 31. maí 2020 geti verið grundvöllur niðurstöðu eða rammi frekari viðræðna milli aðila. Í því komi fram gróf tímaáætlun vegna umræddra verkefna samkvæmt samkomulagi aðila, en hún dugi þó ekki til ein saman. Tillaga oddamanns ásamt efni minnisblaðs Fjallabyggðar frá 31. maí 2020 nægi heldur ekki til samkomulags. Traust skorti milli aðila og séu almennt orðaðar og opnar yfirlýsingar því ekki fallnar til að skapa sátt. BTP óskar eftir því að leggja fram sjálfstæða tillögu Selvíkur ehf. að niðurstöðu, sbr. síðar.

EP: Vanefndum sveitarfélagsins á samkomulagi sé ekki fyrir að fara. Sveitarfélagið hafi varið um 300 milljónum kr. í verkefni samkvæmt samkomulaginu. Frumdrög að hönnun miðbæjar liggja fyrir innan 2 vikna á að giska. Vegagerð á Siglufirði sé ekki enn komin inn í samgönguáætlun en hennar sé getið í nefndaráliti samgöngunefndar. Framkvæmdin muni alltaf þurfa að fara inn á samgönguáætlun, enda 60 mkr. framkvæmd. Fullur vilji sé til að vinna að og ljúka fyrirliggjandi verkefnum í þágu bæjarins og verði unnið að þeim áfram án tillits til niðurstöðu viðræðuhópsins. Verkefnin þurfi alltaf að vinna í samræmi við fjárheimildir, sveitarstjórnarlög o.fl.

BTP: Bókar vegna ummæla EP að afstaða Selvíkur ehf. um vanefndir Fjallabyggðar að því er varðar liði 1 og 2 í samkomulaginu standi óhöggud. Leggur fram og kynnir tillögu Selvíkur ehf. að niðurstöðu viðræðuhópsins (**fskj. 3**). Tillaga Selvíkur ehf. taki m.a. mið af umfjöllun í minnisblaði oddamanns (**fskj. 1**) um skuldbindingargildi samkomulagsins frá 2012 og gagnkvæman vilja aðila til að vinna áfram að verkefnum samkvæmt því. Tillagan byggir á þeim viðmiðum sem sett voru fram í minnisblaði Fjallabyggðar 31. maí sl. Tillaga oddamanns um stofnun samráðshóps (**fskj. 2**) er jafnframt hluti af tillögu Selvíkur ehf. Í

tillögu Selvíkur ehf. (fskj. 3) felst að skuldbindandi samkomulag verði gert um framhaldið, m.a. tímasetningar, með fyrirvörum um aðkomu Vegagerðar o.fl. Um verði að ræða framhald af gildandi samkomulagi frá 2012.

EP: Slíkt samkomulag þyrfti að leggja fyrir sveitarstjórn, eftir að búið væri að ganga frá drögum að samningstexta. Næsti fundur sveitarstjórnar í fyrsta lagi í seinni hluta ágúst.


ÁÖB: Jákvætt að fram séu komin viðbrögð Selvíkur ehf. við minnisblaði sveitarfélagsins frá 31. maí 2020. Tillaga Selvíkur ehf. sé innlegg í málið en sveitarfélagið geti ekki tekið afstöðu til hennar hér og nú.

BTP: Farið er fram á að afstaða sveitarfélagsins liggi fyrir fyrir verslunarmannahelgi, þ.e. hvort vilji sé til að vinna málið áfram á þessari braut. Grófur samningstexti lægi þá fyrir, byggður á tillögu Selvíkur ehf. Með afstöðu sveitarfélagsins sé átt við samþykki sveitarstjórnar, sem veiti bæjarstjóra eða fulltrúum Fjallabyggðar í viðræðuhópnum heimild til að fullklára slíkt samkomulag. Endanlegt samkomulag yrði svo lagt fyrir sveitarstjórn í framhaldinu til endanlegrar afgreiðslu.

Ákveðið að störfum viðræðuhópsins verði lokið með því að fulltrúar Fjallabyggðar taki fram komna tillögu Selvíkur ehf. á fskj. 3 til athugunar og lýsi afstöðu til hennar fyrir lok júlí.

Fundi slitið kl. 11:55.

Fundargerð þessi hefur verið borin undir fundarmenn og samþykkt af þeim.



Friðrik Árni Friðriksson Hirst

oddamaður tilnefndur af Lagastofnun HÍ

Fylgiskjöl:

1. Minnisblað oddamanns, dags. 16. júlí 2020.
2. Tillaga oddamanns, dags. 16. júlí 2020.
3. Tillaga fulltrúa Selvíkur ehf., dags. 16. júlí 2020.

Minnisblað

Til: Fulltrúa Selvíkur ehf. og Fjallabyggðar í viðræðuhópi samkvæmt samkomulagi frá 28. apríl 2012

Frá: Friðriki Árna Friðrikssyni Hirst oddamanni tilnefndum af Lagastofnun HÍ

Dagsetning: 16. júlí 2020

Efni: Samantekt á forsögu málsins og á helstu sjónarmiðum aðila og oddamanns. Tillaga að niðurstöðu til að ljúka störfum viðræðuhópsins

1. Inngangur

Undirritaður var í júní sl. tilnefndur sem oddamaður af Lagastofnun HÍ til að starfa með viðræðuhópi skipuðum fulltrúum Selvíkur ehf. og Fjallabyggðar. Viðræðuhópurinn var settur á fót fyrr á þessu ári á grundvelli samkomulags, dags. 28. apríl 2012, milli Rauðku ehf. (nú Selvík ehf.) og Fjallabyggðar um nánar tiltekin uppbyggingarverkefni á Siglufirði. Tilgangur viðræðuhópsins er að leita lausna á ágreinings- og álitaefnum sem upp hafa komið og nánar verður gerð grein fyrir hér síðar.

Í þessu minnisblaði er að finna stutta samantekt oddamanns á forsögu málsins og helstu samskiptum og sjónarmiðum aðila (2. og 3. kafli). Í lok minnisblaðsins er gerð grein fyrir sýn oddamanns á málavexti svo og sjónarmiðum og ályktunum hans (4. kafli).

Drög að minnisblaðinu voru kynnt aðilum á fyrri stigum og komu aðilar á framfæri athugasemdum við afmarkaða hluta þess. Oddamaður hefur við lokafrágang minnisblaðsins tekið tillit til þeirra athugasemda og gert viðeigandi breytingar á eða bætt við texta, eftir því sem oddamaður hefur talið rétt. Það breytir því þó ekki að umfjöllun og ályktanir í minnisblaðinu eru oddamanns.

2. Samkomulag frá 28. apríl 2012

Hinn 28. apríl 2012 gerði Rauðka ehf. samkomulag við Fjallabyggð, dags. 28. apríl 2012, sem snýst um fjárfestingar og uppbyggingu á Siglufirði og aðkomu Fjallabyggðar í því sambandi. Það athugast að Selvík ehf. hefur nú komið í stað Rauðku ehf., sbr. og umfjöllun hér síðar.

Fyrirnefnt samkomulag skiptist í A- og B-hluta. Í A-hluta er að finna lýsingu á verkefnum sem samkomulagið tekur til. Þau skiptast í fimm liði, sem bera eftirfarandi fyrirsagnir:

1. Miðbær Siglufjarðar
2. Uppfylling við innri höfn, þ.e. tanginn
3. Uppbygging golfvallar á Siglufirði
4. Skíðasvæði Fjallabyggðar á Siglufirði

5. Lóð undir hótél við höfnina

Í ofangreindum fimm liðum, sem mynda A-hluta samkomulagsins, er gerð grein fyrir hverju verkefni um sig, þ.m.t. forsendum, markmiðum og framkvæmd þeirra.

Í B-hluta samkomulagsins er tekið fram að aðilar séu „sammála um að vinna saman að verkefninu í þeim tilgangi að skapa byggðarlaginu sérstöðu og gera það eftirsóknarvert í augum ferðamanna í framtíðinni. Þá verði áherslur Fjallabyggðar um lögbundin verkefni, atvinnu- og umhverfismál virt.“ Þá kemur fram að „skoða beri framkvæmdirnar sem eina heild þannig að gangi eitt verkefnið ekki eftir hafi það áhrif á réttindi og skyldur varðandi önnur verkefni“.

Í niðurlagi B-hluta samkomulagsins er kveðið á um að komi upp ágreiningur um einstök framkvæmdaatriði eða túlkun samkomulagsins skuli aðilar freista þess að leysa hann með viðræðum fjögurra aðila, þ.e. tveimur frá hvorum sammingsaðila („viðræðuhópur“). Takist það ekki skuli kalla til oddamann sem skuli vera tilnefndur af Lagastofnun Háskóla Íslands. Skuli viðræðuhópurinn þannig skipaður freista þess að finna lausn á þeim álitaefnum sem fyrir liggja, sbr. einnig umfjöllun í 1. kafla minnisblaðsins.

3. Viðræðuhópur settur á fót. Helstu sjónarmið aðila

Með bréfi til Fjallabyggðar, dags. 3. febrúar 2020, var þess farið á leit fyrir hönd Rauðku ehf. og tengdra aðila að Fjallabyggð skipaði innan fjögurra vikna tvo aðila til viðræðna við fulltrúa Rauðku ehf., sbr. B-hluta samkomulagsins frá 2012, sbr. umfjöllun hér að framan. Í bréfinu kom fram af hálfu Rauðku ehf. o.fl. að ekki væri byrjað á framkvæmdum sem falla undir lið 1 samkomulagsins og að nær ekkert hefði verið gert í verkefnum sem falla undir lið 2 samkomulagsins. Þá var vísað til þess í bréfinu að fjárhagsáætlanir Fjallabyggðar fram til ársins 2023 bæru ekki með sér að Fjallabyggð ætlaði sér að standa við samkomulagið. Í kjölfar þessa bréfs var viðræðuhópur settur á fót, skipaður tveimur fulltrúum frá hvorum aðila, sbr. B-hluta samkomulagsins, sbr. fyrri umfjöllun. Hópurinn hefur fundað alls fjórum sinnum, þ.e. 30. mars, 6. apríl, 20. apríl og 13. maí 2020. Auk funda viðræðuhópsins hafa aðilar átt í margvíslegum bréfa- og samskiptum um málið á tímabilinu, sem oddamaður hefur kynnt sér.

Selvík ehf. hefur komið í stað Rauðku ehf. í kjölfar samruna síðarnefnda félagsins o.fl. Til einföldunar verður umræddur aðili nefndur Selvík ehf. í eftirfarandi umfjöllun, án tillits til þess hvenær sú aðilabreyting átti sér formlega stað.

Fyrir liggur minnisblað frá fulltrúum Selvíkur ehf. (áður Rauðku ehf.) í viðræðuhópnum, dags. 26. mars 2020, þar sem settar eru fram nánar greindar kröfur um framvindu málsins. Í minnisblaðinu er áréttuð sú afstaða Selvíkur ehf. að Fjallabyggð hafi ekki staðið við liði 1 og 2 fyrrgreinds samkomulags enda hafi ekki verið aðhafst á grundvelli samþykktra skipulagsáætlana er varða miðbæinn og Leirutanga, fyrir utan minni háttar framkvæmdir á Leirutanga. Um sé að ræða vanefndir á samkomulaginu, enda eigi sá dráttur sem hafi orðið sér ekki neinar málefnalegar ástæður. Þá eru í minnisblaðinu gerðar nánar greindar athugasemdir við starfsemi fyrirtækisins Báss ehf. við innri höfnina.

Í fyrrgreindu minnisblaði frá 26. mars 2020 eru af hálfu Selvíkur ehf. jafnframt settar fram kröfur um að öllum framkvæmdum, sbr. liði 1 og 2 samkomulagsins, verði lokið á yfirstandandi kjörtímabili sveitarstjórnar sem lýkur 2022, og að undirbúningur þeirra hefjist þegar í stað. Enn fremur að gerðar verði tafarlaugar breytingar á fjárhagsáætlunum Fjallabyggðar árin 2020 og 2021 vegna framkvæmda við miðbæ Siglufjarðar og á útvistarsvæði á Leirutanga í samræmi við gildandi deiliskipulag. Allri hönnun og áætlanagerð skuli lokið eigi síðar en 30. september 2020. Þá verði tryggt að starfsemi og athafnir Báss ehf. fari eingöngu fram innan skilgreindra lóða nr. 1 og 5 við Egilstanga í samræmi við deiliskipulag Leirutanga.

Fyrir liggur minnisblað fulltrúa Fjallabyggðar í viðræðuhópnum, dags. 31. maí 2020, sem tekið er saman í tilefni af viðræðum aðila á vettvangi hópsins. Í minnisblaðinu kemur fram að af hálfu fulltrúa Fjallabyggðar sé unnið að því að koma umræddum verkefnum áfram og að bæjarstjóri hafi upplýst að hann hafi stuðning kjörinna fulltrúa til að ráðast í þau verkefni. Erfitt sé þó að tímasetja þær framkvæmdir sem um ræðir, enda sé framvinda og framgangur verkefnanna að miklu leyti háður aðkomu þriðja aðila (Vegagerðarinnar), t.a.m. hvað varðar framkvæmdir við miðbæinn. Engu að síður stefni Fjallabyggð að því að klára umrædd verkefni á yfirstandandi kjörtímabili, þ.e. framkvæmdum í miðbæ Siglufjarðar og á Leirutanga, sbr. liði 1 og 2 samkomulagsins.

Um miðbæ Siglufjarðar, sbr. lið 1 samkomulagsins, segir í minnisblaðinu frá 31. maí 2020 að fulltrúar Fjallabyggðar telji ekki óvarlegt að áætla að framkvæmdum við miðbæinn geti verið að fullu lokið haustið 2022, með fyrirvara um aðkomu Vegagerðarinnar. Það mat byggist á því að hönnuðir skili tillögum sínum haustið 2020 og að hægt verði að bjóða út framkvæmdir í febrúar 2021, en framkvæmdir geti þá hafist vorið 2021. Þó liggja hönnunargögn og kostnaðaráætlun ekki fyrir og því sé umfang verkefnisins ekki að fullu ljóst. Þá séu ofangreindar tímasetningar háðar því að ekki verði tafir á því að Vegagerðin komi að málinu, en fulltrúar Fjallabyggðar eigi og hafi átt í samskiptum við Vegagerðina um þetta, sbr. einnig hér síðar.

Um framkvæmdir á Leirutanga, sbr. lið 2 samkomulagsins, segir í minnisblaðinu frá 31. maí 2020, að tekin hafi verið ákvörðun um eftirfarandi verkþætti: Lagningu göngustígs (4 m.kr.), jöfnun á svæði syðst á tanganum (1 m.kr.) og hreinsun þeirra svæða sem heyra undir sveitarfélagið (1,5 m.kr.). Einnig hafi verið farið fram á það við Olíuverslun Íslands að félagið skili lóð að Vesturtanga 18. Þá segir í minnisblaðinu að önnur svæði á tanganum þarfnist sum hver einhvern landmótunar og að unnt ætti að vera að ljúka þeim framkvæmdum á einu sumri. Framkvæmdir á Leirutanga þurfi þó að taka tillit til lífríkis, s.s. varps fugla.

Í minnisblaðinu frá 31. maí 2020 segir einnig að fulltrúar Fjallabyggðar í viðræðuhópnum séu tilbúnir til áframhaldandi samstarfs innan hópsins með það að markmiði að halda fulltrúum Rauðku ehf. (Selvíkur ehf.) upplýstum um gang mála og eftir atvikum að svara þeim spurningum sem upp kunna að koma.

Þá liggur fyrir samantekt, dags. 31. mars 2020, frá Ármanni V. Sigurðssyni deildarstjóra tæknideildar Fjallabyggðar, sem hefur að geyma yfirlit yfir framvindu verkefna skv. liðum

1 og 2 samkomulagsins, auk verklýsingar vegna útivistarsvæðis o.fl. á Leirutanga. Í samantektinni er þannig m.a. að finna upplýsingar um samskipti Fjallabyggðar við Vegagerðina vegna framkvæmda við miðbæinn. Þá kemur fram í samantektinni að fyrsti áfangi verksins „Leirutangi, útivistar- og tjaldsvæði“ hafi verið boðinn út í ágúst 2016. Fram kemur að öllum verkþáttum sem boðnir voru út sé lokið fyrir utan sáningu á grasfræjum og yfirborðsfrágangi á götum, plönnum og stígum. Að öðru leyti vísast til fyrirliggjandi gagna sem oddamaður sér ekki ástæðu til að rekja nánar í þessu minnisblaði.

4. Sjóarmið oddamanns og tillaga að lausn/niðurstöðu

Meginmarkmið samkomulagsins frá 28. apríl 2012 er að efla og byggja upp ferðapjónustu á Siglufirði. Það er skilningur oddamanns að aðilar séu sammála um að starfa áfram að þeim verkefnum sem samkomulagið tekur til í þágu ofangreinds markmiðs. Jafnframt séu aðilar sammála um að þótt rúmlega átta ár séu liðin frá gerð samkomulagsins sé það enn í fullu gildi og skuldbindandi sem slíkt.

Það er skilningur oddamanns að aðilar geri sér það jafnframt ljóst að framgangur málsins sé að hluta til háður aðkomu Vegagerðarinnar að lagningu vega í tengslum við framkvæmdir í miðbænum, sbr. lið 1, sem aftur er háð ákvörðun löggjafans um fjárveitingar o.s.frv. Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum og upplýsingum hefur Fjallabyggð átt í samskiptum við Vegagerðina vegna framangreinds og vinnur sveitarfélagið að því að þoka því máli áfram.

Oddamaður telur ljóst að í fyrrgreindu minnisblaði Fjallabyggðar frá 31. maí sl. sé því lýst yfir af hálfu sveitarfélagsins að ætlun þess sé að standa við samkomulagið frá 28. apríl 2012 og að stefnt sé að því að ljúka verkefnum skv. liðum 1 og 2 samkomulagsins á yfirstandandi kjörtímabili. Í minnisblaðinu er enn fremur lýst áætluðum tímasetningum verkþátta sem falla undir lið 1 samkomulagsins, með fyrirvörum um aðkomu Vegagerðarinnar. Þá kemur fram um lið 2 samkomulagsins að þeim framkvæmdum ætti að vera unnt að ljúka á einu sumri. Samkvæmt upplýsingum frá fulltrúum Fjallabyggðar til oddamanns stendur nú yfir vinna við fullnaðarhönnun og kostnaðarmat framkvæmda í miðbæ, en hönnun tangans liggur þegar fyrir. Drög að hönnun miðbæjarins muni liggja fyrir innan fárra vikna. Þá hafi gerð göngustígs á tanganum verið boðin út og óskað eftir því að Olís skili lóð sem þar er. Hreinsun á tanganum sé fyrirhuguð og mat á framkvæmdaþörf sé í undirbúningi.

Oddamaður telur að með minnisblaðinu frá 31. maí 2020 hafi af hálfu sveitarfélagsins verið látin í té a.m.k. gróf tímaáætlun fyrir umrædd verkefni eins og kallað hefur verið eftir af hálfu Selvíkur ehf. Oddamaður tekur hér fram að samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum, sem veittar voru oddamanni munnlega á fundi hans með fulltrúum Fjallabyggðar, var fyrrgreint minnisblað fulltrúanna frá 31. maí sl. borið undir meiri hluta kjörinna fulltrúa sveitarfélagsins áður en það var sent fulltrúum Selvíkur ehf. Á sama tíma er ljóst að endanlegar og nánar útfærðar tímaáætlanir liggja ekki fyrir þegar þetta er ritað. Oddamaður fær þó ekki annað séð en að hjá sveitarfélaginu standi yfir ýmis undirbúningsvinna sem muni geta lagt grunn að frekari áætlanagerð í framhaldi.

Eins og áður kom fram hefur Selvík ehf. bent á að framkvæmda samkvæmt samkomulaginu frá 28. apríl 2012 sé ekki getið í gildandi fjárhagsáætlun Fjallabyggðar. Samkvæmt upplýsingum frá fulltrúum Fjallabyggðar mun ástæða þessa einkum vera sú að umrædd

verkefni séu enn ekki komin á það stig að unnt sé að meta áætlaðan kostnað vegna þeirra til fullnaðar og geti áætlanir um framkvæmdir á vegum sveitarfélagsins tekið breytingum þegar myndin skýrist að þessu leyti.

Í ljósi fyrrgreindrar yfirlýsingar Fjallabyggðar um að stefnt sé að því að ljúka umræddum framkvæmdum á yfirstandandi kjörtímabili, telur oddamaður mega ætla að sveitarfélagið muni gera ráð fyrir framkvæmdunum í viðeigandi áætlunum sínum þegar nánari upplýsingar m.a. um áætlaðan kostnað liggja fyrir, með þeim hætti sem ákvæði sveitarstjórnarlaga gera ráð fyrir. Oddamaður telur jafnframt eðlilegt að sveitarfélagið leitist við að hraða vinnu við áætlanagerð um kostnað o.fl. eftir föngum.

Oddamaður telur að ágreiningur aðila, sem hér er til umræðu, lúti öðrum þræði að upplýsingaflæði milli þeirra um undirbúning, framvindu og tímasetningar framkvæmda skv. liðum 1 og 2 samkomulagsins frá 28. apríl 2012. Í ljósi þess að aðilar hafa lýst sig sammála um að starfa saman að þeim verkefnum sem samkomulagið tekur til, með það að markmiði að þeim verði lokið á yfirstandandi kjörtímabili, telur oddamaður mikilvægt að aðilar hafi með sér reglubundið samráð og haldi hvor öðrum upplýstum um stöðu og áætlaða framvindu þeirra verkefna sem samkomulagið tekur til. Jafnframt telur oddamaður rétt að aðilar komi sér saman um formlega umgjörð um slíkt samráð og upplýsingaskipti. Hefur oddamaður í því skyni lagt til við aðila að þeir komi á fót samráðshópi sem funda muni með reglulegum hætti eða eftir ósk aðila og verði vettvangur upplýsingaskipta um framgang verkefnisins. Stofnun slíks samráðshóps marki jafnframt lok starfa þess viðræðuhóps sem oddamaður situr í. Tillagan er sett fram á fylgiskjali með minnisblaði þessu.

Virðingarfyllst,



Friðrik Árni Friðriksson Hirst

oddamaður tilnefndur af Lagastofnun Háskóla Íslands

Fylgiskjal:

Tillaga að niðurstöðu viðræðuhópsins

Tillaga að niðurstöðu viðræðuhóps skv. samkomulagi frá 28. apríl 2012

Aðilar sammælast um að koma á fót samráðshópi sem skipaður verður fulltrúum beggja aðila og fundar á tólf vikna fresti. Á vettvangi hópsins skal upplýst um stöðu, framvindu og áætlaðar tímasetningar einstakra verkefna samkvæmt samkomulagi aðila frá 28. apríl 2012, þar á meðal tilheyrandi verkþátta og undirbúningsvinnu. Jafnframt skal þar m.a. upplýst um stöðu samskipta og/eða viðræðna við Vegagerðina, svo og stöðu samskipta við hlutaðeigandi rekstraraðila, að því marki sem þýðingu hefur fyrir framkvæmd samkomulagsins.

Á reglulegum fundi samráðshópsins sem haldinn er næst eftir 30. september 2020 mun Fjallabyggð kynna stöðu og afrakstur vinnu við hönnun og áætlanagerð vegna framkvæmda skv. liðum 1 og 2 samkomulagsins.

Hvor aðili getur auk reglulegra funda samráðshópsins samkvæmt framansögðu óskað eftir því að hópurinn komi saman til fundar ef aðili sér ástæðu til. Fundur skal þá haldinn ekki síðar en tíu virkum dögum eftir að slík ósk er sett fram.

Óski annar aðila eftir upplýsingum úr hendi hins aðilans um tiltekin atriði er varða framkvæmd samkomulagsins, sbr. framangreint, skulu þær upplýsingar veittar á næsta fundi samráðshópsins. Beiðni um upplýsingar skal sett fram skriflega fimm virkum dögum áður en hópurinn kemur næst saman.

Reykjavík, 16. júlí 2020

Tillaga fulltrúa Selvíkur ehf.

Lögð fram 16. júlí 2020, á fundi viðræðuhóps, sem stofnaður var á grundvelli fimm liða samkomulags, dags. 28. apríl 2012.

Við leggjum til að viðræðuhópurinn ljúki störfum sínum með samkomulagi, sem feli í sér eftirfarandi atriði um efndir liða 1 og 2 í fimm liða samkomulagi, dags. 28. apríl 2012. Tillagan byggir m.a. á minnisblaði fulltrúa Fjallabyggðar, dags. 31. maí 2020:

- Gerð kostnaðaráætlana og hönnun skal lokið eigi síðar en 31. október 2020.
- Samþykkt verði fjárhagsáætlun í samræmi við kostnaðaráætlanir eigi síðar en 31. desember 2020.
- Útboðum verkefna og samningsgerð skal lokið eigi síðar en 31. mars 2021.
- Framkvæmdir skulu hefjast eins fljótt og auðið er, en eigi síðar en í maí 2021.
- Framkvæmdum skal lokið eigi síðar en 30. september 2022.
- Fyrirvari er gerður um aðkomu Vegagerðarinnar að því er varðar gatnagerð í miðbæ Siglufjarðar.
- Tafir vegna aðkomu Vegagerðarinnar í miðbænum skulu ekki hafa áhrif á áætlanagerð og/eða framkvæmdir á Leirutanga.
- Gengið er út frá því í samkomulaginu að eðlilegum málsmeðferðarreglum samkvæmt sveitarstjórnar- og stjórnarsýslulögum sé fylgt.
- Tillaga oddamanns um samráðshóp verði hluti samkomulagsins.

Birgir Tjörvi Pétursson

Guðmundur Kristján Jónsson.